



Fundargerð

405. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Þriðjudaginn 11. apríl 2017, kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (Vp) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 404. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 9. mars 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 10. apríl 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1703021 - Lóðir á Tröllenda 1 og Tröllenda 2, úthlutun.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.
Lóðunum Tröllendi 1 og Tröllendi 2 er báðum úthlutað til Minjaverndar.*

2.2 1612034 - Framkvæmdir við göngustíga við Langavatn.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1703010 – Bygging skýlis fyrir flöskusöfnun í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 1607016 - Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi, framkvæmdaleyfi svæði I.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Stjórn Barmahlíðar 5. apríl .

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Mennta- og menningarmálanefnd. 10. apríl 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

4.1 1704002 - Uppsögn á starfi skólastjóra Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Sveitarstjórn þakkar skólastjóra unnin störf í þágu Reykhólaskóla og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

4.2 1704003 - Kennslutímar skólaárið 2017-2018.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og styður mennta- og menningarmálanefnd og Reykhólaskóla í að sækja ráðgjöf og stuðning til Tröppu ehf varðandi skólamál, þ.e. engin skólaskrifstofa er starfandi á Vestfjörðum til að leita til með hin ýmsu málefni.

4.3 1704004 - Starfsmannahald á leikskóladeild.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

4.4.1703009 - Heimagreiddslur.

Sveitarstjórn samþykkir reglur um heimagreiddslur og felur sveitarstjóra að birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins og fylgja málefninu eftir. Samþykkt samhljóða.

4.5 1703028 - Styrkur til Heimalinga.

Sveitarstjórn styður tillögu mennta- og menningarmálanefndar. Samþykkt samhljóða.

5. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 29. mars 2017.

ÁBG fór yfir fundargerðina.

6.1 Hækkun á fjárhagsaðstoð um 3 % frá 1. janúar 2017.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

6.2 Reglur um húsaleigustuðning.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir reglur um sérstakan húsaleigustuðning samhljóða.

Farið yfir fundargerðina að öðru leyti og hún staðfest.

6. Svæðisskipulagsnefnd 8. mars 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún staðfest.

Mál til afgreiðslu

1. 1701029 - Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi.

1.1. Stofnun fyrirtækis um rekstur ljósleiðara.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er meðvituð um þá miklu þörf sem er á því í nútíma samfélagi að hafa aðgang að háhraða nettengingu. Slík eftirspurn eykst stöðugt og telst nú þegar nauðsyn í daglegu lífi einstaklinga og í daglegum rekstri fyrirtækja. Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur að skortur á háhraða nettengingu í sveitarfélaginu hafi neikvæð áhrif á framþróun samfélagsins.

Engin fjarskiptafélög hafa sýnt því áhuga að koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu, þrátt fyrir að sveitarstjórn Reykhólahrepps hafi birt auglýsingu þar sem leitað var eftir aðilum sem hefðu áhuga á því að koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfis. Jafnvel þó að fjarskiptafélög hafi ekki sýnt því áhuga á að koma að uppbyggingu á ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu, þá er eftirspurnin eftir slíkri nettengingu engu minni en á svæðum þar sem íbúafjöldi er hærrí.

Þar sem sveitarstjórn Reykhólahrepps telur núverandi ástand á nettengingum í sveitarfélaginu óásættanlega hefur hún tekið ákvörðun um að ráðast í það verkefni að leggja ljósleiðaranet til allra heimila í sveitarfélaginu þar sem íbúar hafa skráð lögheimili og hafa þar heilsársbúsetu. Miðað er við lögheimili eins og þau eru skráð 1. desember 2016. Einnig verður lagður ljósleiðari í þau hús eða íbúðir þar sem fyrirtæki hafa heilsársstarfsemi. Eigendum sumarhúsa í sveitarfélaginu verður einnig boðið að tengjast ljósleiðarakerfinu, en slíkar tengingar verða gerðar samkvæmt nánara samkomulagi við hvern og einn sumarhúsa eiganda.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur aðgang íbúa sveitarfélagsins að háhraða nettengingu vera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

Vegna þessa samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps, með vísan til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (2012/21/ESB), sem tekin var upp í EES-samninginn og aðlöguð að honum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012, eftirfarandi vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu:

Fyrirtækið sem sveitarstjórn felur að annast lagningu ljósleiðara í Reykhólahreppi mun heita Fjarskiptafélag Reykhólahrepps. Fjarskiptafélag Reykhólahrepps verður rekið sem deild innan sveitarfélagsins og því alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal hafa yfirumsjón með Fjarskiptafélagi Reykhólahrepps.

Bókhaldi Fjarskiptafélagi Reykhólahrepps skal halda aðskildu frá bókhaldi sveitarfélagsins með skýrum hætti. Sveitarstjórn skal fylgjast með rekstri, bókhaldi og fjárhagsstöðu verkefnisins. Í samræmi við góðar reikningsskilavenjur skal fara fram árleg endurskoðun á bókhaldi verkefnisins.

Ljósleiðarakerfið verður alfarið í eigu sveitarfélagsins.

Inntak hinnar opinberu þjónustu sem Fjarskiptafélagi Reykhólahrepps er ætlað að framkvæma og veita er að tengja við ljósleiðaranet (FTTH, e. Fiber To The Home) öll heimili þar sem íbúi eða íbúar höfðu skráð lögheimili 1. desember 2016 og hafa þar heilsársbúsetu ásamt húsum eða íbúðum þar sem fyrirtæki hafa heilsársstarfsemi og að tryggja aðgang að ljósleiðaratengingu a.m.k. næstu 25 árin. Fjarskiptafélagi Reykhólahrepps er jafnframt falið að tengja sumarhús í sveitarfélaginu við ljósleiðaranet, eftir nánara samkomulagi við

viðkomandi sumarhúsaeygendur. Það svæði sem verkefnið tekur til skal vera afmarkað við sveitarfélagið Reykhólahrepp.

Engin sérstök réttindi eða einkaréttindi verða veitt vegna verkefnisins.

Fjarskiptafélag Reykhólahrepps verður fjármagnað af sveitarfélaginu, þeim tekjum sem af þjónustunni hljótask og með styrk frá íslenska ríkinu. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur kynnt sér og samþykkir frumhönnun og kostnaðarmat verkefnisins, unnið af Karli Hálfðánarsyni verkefnisstjóra. Þar er lýst fyrirkomulagi á fjármögnun verkefnisins, kostnaðaráætlun, forendum fyrir útreikningum og hvernig eftirliti með greiðslum verður háttað og endurskoðun á greiðslum vegna verkefnisins.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreint samhljóða.

1.2. Skipting kostnaðar, kostnaður sumarhúsaeygendur.

Vegna lagningar ljósleiðara í dreifbýli sveitarfélagsins á næstu mánuðum, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps að bjóða eigendum sumarhúsa og öðrum eigendum fasteigna, sem ekki falla undir skilgreininga fjarskiptasjóðs um styrkhæfa staði, að tengjast ljósleiðarakerfinu. Tengigjald verði 250.000 kr. á hverja tengingu, auk raunkostnaðar við lagningu heimtaugar frá tengibrunni að viðkomandi fasteign. Tillaga samþykkt samhljóða.

2. 1704012 - Yfirlýsing um afsal hafnarmannvirkja í Flatey og rekstri á höfninni til Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur ekki rekið Flateyjarhöfn svo áratugum skiptir, hefur hún alfarið verið rekin af siglingasviði Vegagerðarinnar, áður Siglingastofnun, að því er sveitarstjórn telur sem ferjuhöfn vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Til er hafnarreglugerð um höfnina í Flatey 175/1947, með síðari breytingu 47/1951.

Sveitarstjóra er falið að útbúa yfirlýsingu til Innanríkisráðuneytisins þess efnis að sveitarfélagið sé reiðubúið að afsala sér formlega öllum hafnarmannvirkjum í Flatey og rekstri á höfninni í Flatey til Vegagerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

3. 1704014 - Ályktun á aðalfundir Framfarafélags Flateyjar 11.mars 2017 um samgöngumál.

Sveitarstjórn vísar í bókun í fundargerð þessari, mál 2.

4. 1703011 - Mál frá Alþingi.

- 4.1. Frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 119. mál.
- 4.2. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.
- 4.3. Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (heildarlög), 204. mál.
- 4.4. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgangna (Innleiðing alþjóðlegra skuldbindinga, EES reglur). 234. mál.
- 4.5. Frumvarp til laga um útlendinga (frestun réttaráhrifa o fl.), 236. mál.
- 4.6. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 306 mál.
- 4.7. Frumvarp til laga um umferðalög (bílastæðagjöld), 307. mál.
- 4.8. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggst alfarið gegn breytingum á tekjustofnalögum sem fela í sér afnám lágmarksútsvars og tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um sama efni og ýtarlega umsögn sambandsins frá 144. löggjafarþingi um sama mál. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

5. 1704013 - Ákvörðun Ferðamálastofu um styrkveitingu 2017.

Lagt fram og kynnt.

6. 1704015 - Tillaga um stofnun framhaldsskóla í Reykhólahreppi.

Svar menntamálaráðuneytis við erindi ÁMG, þar sem fram kemur að málefnið sé til umræðu hjá ráðuneytinu.

7. 1509004 - Fundargerð Jarðvarmi á Reykhólum.

Fundargerð lögð fram.

8. 1702011 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 23. mars 2017.

Fundargerð lögð fram.

9. 1703018 - Fundargerð 848. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

10. 1704017 - Drónaflug yfir byggðinni í Flatey.

Til sveitarfélagsins hafa leitað íbúar sveitarfélagsins í Flatey varðandi truflun af drónum, eða ómönnum loftföllum í Flatey, sérstaklega yfir varptímann.

Reykhólahreppur hefur ekki lögsögu um loftför. Innanríkisráðuneytið vinnur að reglugerð um ómönnum loftför, í drögum er gert er ráð fyrir að Samgöngustofa geti skilgreint ákveðin svæði sem svæði þar sem óheimilt er að fljúga, svo nefnd no-fly zones. Einnig er gert ráð fyrir að önnur stjórnvöld, s.s. skipulagsyfirvöld, Umhverfisstofnun, hafnarmálayfirvöld, lögregla og rekstraraðilar flugvalla geti skilgreint ákveðin svæði þar sem flug er takmarkað eða bannað.

11. 1704018 - Styrkur til Skíðafélags Strandamanna.

Ósk um styrkveitingu í formi leigu á matsal Reykhólaskóla fyrir uppskeruhátíð félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:20
